



Akraneskaupstaður

Stjórnkerfisbreytingar Akraneskaupstaðar 2022

- Greinargerð og tillögur -



Efnisyfirlit

Forsaga.....	2
Reynsla af núverandi fyrirkomulagi	3
Tillögur	4
Tillaga 1 - Nýtt skipurit	4
Tillaga 2 - Skrifstofa bæjarstjóra er lögð niður og verkefni sem heyra undir bæjarstjóra breytast.....	4
Tillaga 3 - Starf skrifstofustjóra.....	5
Tillaga 4 - Starf skjalastjóra og persónuverndarfulltrúa	5
Tillaga 5 - Breyting á rekstarumhverfi Akranesvita og upplýsingamiðstöðvar	5
Tillaga 6 - Breyting á stjórnslu- og fjármálasviði sem verður fjármála- og þjónustusvið	6
Tillaga 7 - Breyting á framsetningu skipurits velferðar- og mannréttindasviðs	7
Tillaga 8 - Breyting á skóla- og frístundasviðs sem verður mennta- og menningarsvið	7
Tillaga 9 - Breyting á framsetningu skipurits skipulags- og umhverfissviðs	9

Forsaga

Bæjarráð Akraness samþykkti í upphafi árs 2020¹ að ráðast í umbótavinnu á rekstri og innra verklagi hjá Akraneskaupstað. Markmið þessa var að ná fram aukinni skilvirkni í starfsemi stjórnarsýslu sveitarfélagsins með breytingum á stjórnun, verkferlum og samstarfi. Samið var við fyrirtækið Capacent um úttektina en meðan á vinnunni stóð varð fyrirtækið gjaldþrota en verkefnið var klárað í samvinnu við sömu ráðgjafa undir merkjum nýs fyrirtækis sem heitir Arcur.

Í úttektinni var sérstaklega horft til þess hvernig auka megi þjónustu og skilvirkni í rekstri sveitarfélagsins með aukinni hagnýtingu upplýsingatækni, skýrari verkferlum, stjórnun og öflugri starfsumhverfi. Í upphafi voru rýnd ýmis gögn sveitarfélagsins ásamt því að gerð var greining á erindum sem bárust sveitarfélaginu í gegnum þjónustuver kaupstaðarins. Sett var upp ábendingargátt fyrir íbúa og fyrirtæki til að kanna upplifun þeirra af þjónustu sveitarfélagsins, tvær kannanir voru framkvæmdar, annars vegar meðal starfsfólks bæjarskrifstofunnar og hins vegar meðal forstöðumanna stofnana. Að lokum voru tekin persónuleg viðtöl við starfsmenn og stjórnendur ásamt vinnustofum og reglulegum fundum með stýrihóp verkefnisins. Lokaskýrsla úttektarinnar er fylgiskjal 1 við greinargerð þessa.

Í niðurstöðum skýrslunnar voru lagðar fram tillögur um tiltekna breytingar á uppbyggingu stjórnkerfis Akraneskaupstaðar og í framhaldinu átti sér stað rýning meðal embættismanna sveitarfélagsins og pólitískt kjörinna fulltrúa. Í framhaldinu voru lagðar fram tillögur um breytingar sem höfðu það að markmiði að:

- Auka framleiðni starfsmanna, hafa skýrari forgangsröðun og stuðla að betri framgangi verkefna sem fengu of litla athygli miðað við mikilvægi þeirra.
- Grípa til aðhaldsaðgerða þar sem breytingar verða á þjónustu og unnið að aukinni tekjuöflun sem ætlað er að skila um 260 mkr. ávinningi á árinu 2021.

Með verkefnamiðuðu skipulagi var markmiðið að:

- Auka skilvirkni, hraða og gæði verkefna.
- Efla almenna teymisvinnu og þverfaglegt samstarf.
- Nýta nútímalegar vinnuáferðir.

Með skrifstofu bæjarstjóra var ætlunin að:

- Nútímavæða þjónustuferla og efla þjónustuhugsun meðal starfsfólks og innleiðingu þjónustumarkmiða.
- Leysa mál með hjálfun starfsmanna í fyrstu snertingu með íbúum og gegnir einingin frumkvæðishlutverki í stafrænni þróun sveitarfélagsins til að auka framleiðni og létta álagi á starfsfólk.
- Ná betri nýtingu á mannauð með tilfærslu á Guðlaugu inn á eininguna ásamt menningar- og safnamálum svo öflugri samrekstur fái á byggðasafni, vitasvæði og Guðlaugu.
- Ráðningu skjalastjóra sem kemur á skýrri skjalastefnu og verklagi sem tryggir fagleg og samræmd vinnubrögð við skráningu mála, lýkur innleiðingu á skjalastjórnunarkerfi og dregur úr notkun á pappír.
- Eflingu atvinnuþróunar í samstarfi við þróunarfélögin á Breið og á Grundartanga.

Á stjórnarsýslu- og fjármálasviði átti að:

- Auka notkun og greiningu gagna og tölfræði í stefnumótandi ákvörðunartöku ásamt eflingu miðlægra innkaupa með ráðningu verkefnastjóra sem hafi m.a. það hlutverk að vinna með sameiginleg innkaup fyrir stofnanir Akraneskaupstaðar í samvinnu við forstöðumenn en viðkomandi hafi jafnframt yfir að ráða greiningarhæfni og komi að öðrum hefðbundnum verkefnum innan sviðsins (ársreikningsgerð, fjárhagsáætlunargerð og mánaðar- og

¹ Fundur bæjarráðs nr. 3403 þann 27. febrúar 2020.

árshlutauppgjörum). Ráðningunni er m.a. ætlað að stuðla að hagstæðari innkaupum hjá Akraneskaupstað í heild.

- Ráðning mannauðsstjóra til eflingar mannauðsmála s.s. jafnlaunavottun, starfsþróunarmál, menntun starfsmanna, vinna með streitu og aukin veikindi starfsmanna og tekist á við samskiptavanda og eflingu upplýsingamiðlunar og styrkingu vinnustaðamenningar þar sem áhersla er á þjónustumiðaða hugsun og þverfaglegt samstarf.

Á skipulags- og umhverfissviði átti að styrkja:

- Skipulagsmál með ráðningu skipulagsfulltrúa til að mæta auknu álagi á sviðinu og ætlunin að nýta sóknartækifæri til fjölgunar íbúa og aðgerða til stuðnings samfélaginu með öflugri uppbyggingu innviða.

Á velferðar- og mannréttindasviði átti að:

- Ráða inn forstöðumann í búsetuþjónustu fatlaðra á Beykiskógum til að efla þjónustu við skjólstaðinga.
- Ráða inn verkefnastjóra í snemmtæka íhlutun og til að sinna verkefninu barnvænt samfélag. Áhersla á að setja börn í forgang. Samstarf við skólasvið.
- Ráða tímabundið inn einstakling til að mæta auknu álagi í barnavernd.

Á skóla- og fristundasviði átti að:

- Ráða inn verkefnastjóra í snemmtæka íhlutun og til að sinna verkefninu barnvænt samfélag. Áhersla á að setja börn í forgang. Samstarf við velferðarsvið.
- Skerpa á starfi forstöðumanns íþróttamannvirkja ásamt tiltekinni breytingu varðandi stjórn vakta.

Samþykktar voru stjórnkerfisbreytingar í desember 2020 að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn Akraness og tóku breytingarnar gildi þann 1. janúar 2021. Meðfylgjandi greinargerðinni nú er fyrri greinargerð og tillögur sem var fylgiskjal stjórnkerfisbreytinganna sbr. fylgiskjal 2.

Málið var afgreitt í ágreiningi pólitískt kjörinna fulltrúa eftir flokkslínunum, meiri- og minnihluta.

Reynsla af núverandi fyrirkomulagi


Þó ekki sé komin langur reynslutími á breytingarnar sem tóku gildi þann 1. janúar 2021 stendur vilji pólitískt kjörinna fulltrúa til að gera frekari breytingar á skipuritinu og skapa þannig meiri sátt þeirra á meðal með það sameiginlega markmið að fanga betur mikilvægar áherslur í starfsemi Akraneskaupstaðar.

Ætlunin er jafnframt að halda í mikilvægar breytingar sem gerðar voru á skipuritinu sem ánægja er með og samstaða er um.

Tillögur

Tillaga 1 - Nýtt skipurit


Lagt er fram nýtt skipurit til samþykktar. Markmiðið er að styrkja fjármálastýringu Akraneskaupstaðar og efla áherslur í menningar- og safnamálum. Með nýju skipuriti er búið er að búa til mynd af stjórnskipuriti niður á svið og einingar. Með nýja skipuritinu hefur tekist að fanga umfang verkefna og móta heildstæðari verkaskiptingu og samþættingu innan málaflokka þar sem ábyrgð er skýrt framsett fyrir hvert svið og einingu.



Tillaga 2 - Skrifstofa bæjarstjóra er lögð niður og verkefni sem heyra undir bæjarstjóra breytast

Gerð er tillaga um að leggja niður eininguna skrifstofa bæjarstjóra. Verkefni þjónustudeildar og stafræn þróun, ásamt ferða-, markaðs-, og viðburðamálum færast yfir á stjórnvísu- og fjármálasvið, sem fær nýtt heiti sem fjármála- og þjónustusvið (sjá nánar tillögu nr. 6) ásamt mannafla sem verkefnunum fylgja þ.e. þjónustufulltrúar og kerfisstjóri. Miðlæg stjórnun menningar- og safnamála verður færð til skóla- og frístundasviðs, sem fær nýtt heiti sem mennta- og menningarsvið og ráðinn forstöðumaður til að leiða sjálfstæðar stofnanir byggðasafns, bókasafns, ljósmyndasafns og héraðsskjalasafns með stjórnendum þar. Önnur verkefni sem áður tilheyrðu einingunni s.s. mannauðsmál, verkefnastofa og atvinnuþróun verða áfram undir forystu bæjarstjóra og hann næsti yfirmaður þeirra starfsmanna sem þeim fylgja (mannauður/mannauðstjóri og verkefnastofa/verkefnastjóri).

Fyrir utan verksvið bæjarstjóra að vera yfirmaður sviðstjóra þá fylgja bæjarstjóra ábyrgð á mannauðsmálum, verkefnastofu og atvinnuþróunarmálum. Skipurit og helstu verkefni skv. framangreindu eru:



Tillaga 3 - Starf skrifstofustjóra

Gerð er tillaga um að starf skrifstofustjóra verði lagt niður sbr. tillögu nr. 2 er varðar m.a. tilfærslu verkefna.

Önnur þau verkefni sem skrifstofustjóri hafði og bar ábyrgð á svo sem rekstur Guðlaugar, Vitans, viðburðahald og bæjarhátíðir, markaðs og kynningarmál færast til fjármála- og þjónustusviðs og verkefnastjóri ráðinn inn á þjónustudeild sem leiðir þau verkefni.

Sædis Alexía Sigurmundsdóttir sem gegndi starfi skrifstofustjóra lét af störfum þann 1. nóvember síðastliðinn og því þarf ekki að huga að starfslokum eða breyttum verkefnum vegna skipulagsbreytinganna nú.

Tillaga 4 - Starf skjalastjóra og persónuverndarfulltrúa

Ákveðið var við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022 í sparnaðarskygni að bíða með það í eitt ár að huga að þessari ráðningu og kemur sú ákvörðun til endurskoðunar á ný í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.


Tillaga 5 - Breyting á rekstrarumhverfi Akranesvita og upplýsingamiðstöðvar

Lagt er til að rekstrarumhverfi Akranesvita/upplýsingamiðstöðvar verði breytt á ný nú þegar heimsfaraldur Covid-19 er á undanhaldi og ferðamönnum að fjölga á ný. Núverandi starfsmanni verður boðið nýtt starf sem felur í sér áfram starf í móttöku hópa í vitann sem samsvarar 60% stöðuhlutfalli ásamt 40% stöðuhlutfalli við Guðlaugu.

Tillaga 6 - Breyting á stjórnsýslu- og fjármálasviði sem verður fjármála- og þjónustusvið

Gerð er tillaga um að sviðið fái nýtt nafn í samræmi við breyttar áherslur verkefna og verði fjármála- og þjónustusvið

Skipurit og helstu verkefni sviðsins verða:



Gerð er tillaga um að fjármálastjórnun verði styrkt til framtíðar og komið á breyttri verkaskipan. Deildarstjóri fjármála mun taka yfir stýringu launamála og mun sú breyting fela í sér að starfsmenn launadeildar færast til deildarinnar án þess að breytingar verði á verkefnum eða hlutverki þeirra. Deildin „Fjárreiður og bókhald“ mun samfara þessu breyta um nafn og heita „fjármál og laun“. Ný deild verður til sem fær nafnið „Reikningshalds og greiningar“ en ætlunin er að styrkja nokkra þætti í fjármálum Akraneskaupstaðar s.s. greiningar og mælingar, kostnaðareftirlit, eftirlit með samningum, skýrslugerð, innkaupamál og eftirfylgni innkaupastefnu. Reikningshald og greiningar mun jafnframt taka við nokkrum verkefnum sem áður tilheyrðu deildinni „Fjárreiður og bókhald“ s.s. bókhaldi og móttöku reikninga og færast starfsmenn deildarinnar inn í þá einingu án þess að það hafi áhrif á þeirra verkefni eða hlutverk. Reikningshald og greiningar mun einnig gegna mikilvægu stuðningshlutverki í vinnslu ársuppgjör og fjárhagsáætlunar.

Áformað er að raungera ráðningu deildarstjóra reikningshald og greininga þegar skipurit hefur tekið gildi en gert er ráð fyrir ráðningarheimild í fjárhagsáætlun ársins 2022.


Gerð er tillaga um að heimild til ráðningar verkefnastjóra ferða- og markaðsmála sem taki að sér aukna ábyrgð miðað við fyrirliggjandi verkefni á sviðinu sem færðust frá skrifstofu bæjarstjóra. Viðkomandi mun jafnframt starfa innan þjónustudeildar og sinna neðangreindum verkefnum:

- Ferðamál þar sem haldið er utan um rekstur Akranesvita, Upplýsingamiðstöðvar og Guðlaugar sem m.a. felur í sér að sjá um vaktaskipan í samræmi við opnunartíma hverju sinni. Einnig felst í þessu starfi að sinna öðrum verkefnum sem snerta ferðamál Akraneskaupstaðar.
- Er málaflókkurinn færður til þess að ná betri samhæfingu með öðrum málaflókum svo sem ferða-, markaðs- og kynningarmálum sem heyrt hafa undir bæjarstjóra.
- Markaðs- og kynningarmál sem felur í sér utanumhald með auglýsinga- og kynningarstarfi Akraneskaupstaðar, vinna markaðsáætlun, gerð markaðsefnis, utanumhald ljósmynda og útgefið efni. Viðburðahald og bæjarhátíðir eru einnig taldar eiga samleið með markaðs- og kynningarmálum sem eru mál sem verkefnastjóri ber þegar ábyrgð á samkvæmt nánari fyrirmælum sviðsstjóra en jafnframt unnin í samstarfi við menningar- og safnanefnd og forstöðumann menningar- og safnamála.

Tillaga 7 - Breyting á framsetningu skipurits velferðar- og mannréttindasviðs

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á verkefnum eða skipuriti velferðar- og mannréttindasviðs en framsetningin á skipuritinu breytist.


Skipurit og helstu verkefni sviðsins verða:



Tillaga 8 - Breyting á skóla- og frístundasviði sem verður mennta- og menningarsvið

Gerð er tillaga um að sviðið fái nýtt nafn í samræmi við breyttar áherslur verkefna og verði mennta- og menningarsvið.

Skipurit og helstu verkefni sviðsins verða:



Verkefni sem fela í sér rekstur og starfsemi menningar- og safnamála færast frá skrifstofu bæjarstjóra fyrir utan þau verkefni sem snúa að viðburðahaldi sem verður innan fjármála og þjónustusviðs.


Ekki verða breytingar á hlutverki eða verkefnum menningar- og safnanefndar sem áfram mun gegna hlutverki gagnvart starfsemi byggðasafns, bókasafns, ljósmyndasafns og héraðsskjalasafns ásamt því að skipuleggja áfram ýmsa menningartengda viðburði. Menningar- og safnanefnd mun með þessari breytingu heyra undir stjórnslu mennta- og menningarráðs í stað bæjarráðs og fundargerðir nefndarinnar lagðar fram í mennta- og menningarráði. Mennta- og menningaráð mun því áfram sjá um að fjalla um skóla- og frístundamál líkt og verið hefur og menningar- og safnamálin verða áfram hjá menningar- og safnanefnd.

Áformað er að raungera ráðningu forstöðumanns menningar- og safnamála þegar skipurit hefur tekið gildi en gera þarf viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2022 vegna ráðningarinnar. Forstöðumaðurinn vinnur með menningar- og safnanefnd og undirbýr fundi í samráði við formann nefndarinnar og ritar fundargerðir.

Tillaga 9 - Breyting á framsetningu skipurits skipulags- og umhverfissviðs

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á verkefnum eða skipuriti skipulags- og umhverfissviðs en framsetningin á skipuritinu breytist.

Skipurit og helstu verkefni sviðsins verða:



Akranesi, 7. apríl 2022

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri